

Nd.

440. Frumvarp til laga

[147. mál]

um kirkjugarða.

(Eftir 3. umr. í Ed., 21. marz.)

Samhljóða þskj. 268 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Hver maður á rétt til legstaðar þar í sókn, sem hann andast, hefur átt síðast lögheimili eða óskað legs, drukknaðir menn þar, er þeir eru á land fluttir, og þeir, er á fjöllum eða öræfum andast, þar, er þeir eru fluttir til byggða. Engan má jarða í óvígðum reit.

11. gr. hljóðar svo:

Grafir skulu vera svo djúpar, að fullur metri sé frá kistuloki á grafarbarm. Kirkjugarðsstjórn getur heimilað, að tvígrafið sé í sömu gröf, ef þess er óskað af hálfu vandamanna þess, er grafa á, og fyrir liggur samþykki vandamanna þess, er þar var áður grafinn. Skal þá grafardýpt hið fyrra sinni vera 2½ metri. Sá, sem gröf lætur taka, er skyldur til þess að láta ganga vel frá legstaðnum, svo fljótt sem við verður komið, og slétta yfir gröfina. Sé þetta vanrækt, lætur kirkjugarðsstjórn framkvæma verkið á kostnað hlutaðeiganda.

Beinum, sem upp kunna að koma, þegar gröf er tekin, skal koma fyrir í gröf-inni á ný, þannig að sem minnst beri á þeim. Sé bálstofa fyrir hendi, er heimilt að brenna allar slíkar leifar og leggja öskuna í gröf.

12. gr. hljóðar svo:

Hjón eiga, ef kostur er, rétt á allt að fjórum grafarstæðum í sóknarkirkjugarði sínum og geta fengið þau mæld út og leyfisbréf fyrir þeim hjá kirkjugarðsstjórn gegn gjaldi á grafarstæði, sem skipulagsnefnd kirkjugarða ákveður til 10 ára í senn að fengnu samþykki kirkjumálaráðuneytisins. Heimilt er að tvígrafa, enda sé það tekið fram í leyfisbréfi og legstaðaskrá. Réttur til grafarstæðanna gildir í 75 ár.

Rétt til grafarstæða samkvæmt framansögðu erfir eftirlifandi maki, en eftir hann börn hjónanna og kjörbörn. Rétt til legs í slíkum reit hafa auk hjóna börn þeirra og kjörbörn, foreldrar, fósturforeldrar og barnabörn, í þeirri röð, sem þau andast, nema samkomulag verði um annað.

Stærð grafarstæða skal vera 2.50×1.20 metrar.

28. gr. hljóðar svo:

Eigi má veita leyfi til upptöku heimagrafreita.

Leyfishafar heimagrafreits greiði sem aðrir til sóknarkirkjugarðs síns, enda er þeim heimilt leg í honum.

Réttur til heimagrafreits á ættaróðali fellur niður, ef óðalið gengur úr ættinni.